

Nd.

211. Frumvarp til laga

[102. mál]

um breyting á lögum nr. 85 frá 9. október 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. gr. laga nr. 85 frá 9. október 1946 orðist þannig:

Meðan eigi er lokið samningum þeim, sem nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. nóvember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á til að láta Færeyinga halda þeim rétti, er þeir hafa haft til fiskveiða með handfæri á þilskipum með eða án gangvéla og á opnum bátum hér við land, fyrst um sinn, þó eigi lengur en til ársloka 1949.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni utanríkisráðherra, og fylgdu því svolátandi at-
hugasemdir:

„Með lögum nr. 127 frá 29. desember 1947 var gildistími 2. gr. laga þeirra, er hér um ræðir, framlengdur til ársloka 1948. Var það gert vegna þess, að samninga-
viðræður stóðu þá yfir varðandi ýmis atriði, er snerta skilnað Íslands og Danmerk-
ur, og þótti rétt að láta Færeyinga halda þeim réttindum, sem talin eru í téðri grein,
meðan svo stóð á. Endanlegir samningar hafa enn eigi verið gerðir, og er því í
frumvarpi þessu lagt til, að réttindi Færeyinga verði framlengd til ársloka 1949.“